



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**565. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 2. október 2023
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Veitur -Fráveitumál 2040 - 2309013

Kynning frá Veitum um auknar kröfur um fráveituhreinsun í ljósi tilskipana frá ESB. Framundan eru fjárfestingar í fráveitumannvirkjum til ársins 2040. Veitur óska því eftir að fara í gagnaöflum hjá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til að hægt sé að hefja vinnu við forathugun.

Gestir

Pétur Krogh Ólafsson þróunar- og viðskiptastjóri Veitna.

Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna.

Fjóla Jóhannesdóttir sérfræðingur fráveitu í rekstri og tækni, Veitum.

Jón Trausti Kárasón forstöðumaður vatns og fráveitu, Veitum.

Niðurstaða:

Málið verði tekið fyrir að nýju og kynnt með ítarlegri hætti á vettvangi stjórnar eftir því sem því miðar áfram. Skrifstofu SSH er falið að finna farveg fyrir frekara samtal milli Veitna og tæknifólks aðildarsveitarfélaganna m.a. á vettvangi samráðshóp um vatnsvernd og vatnsnýtingar.

Samþykkt

2. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi eru tillögur Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins að hagræðingaraðgerðum, en framangreint var jafnframt til umræðu á 560. fundi stjórnar SSH 3. júlí sl. Þorvaldur Daníelsson formaður Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins kynnir. Umræður.

Gestir

Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar.

Þorvaldur Daníelsson formaður Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Andrés Böggberg Andreassen fjármálastjóri.

Niðurstaða:

Umræðum frestað og málið verður tekið til frekari umræðu á næsta fundi stjórnar að lokinni frekari vinnslu tillagnanna af hálfu samstarfsnefndarinnar, en þá mun fjárhagsáætlun skíðasvæðanna jafnframt liggja fyrir.

3. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Áframhaldandi umræður um stöðu viðræðna vegna uppfærslu Samgöngusáttmálans. Drög að sviðsmynd nýrrar framkvæmdaáætlunar sem rædd verður í viðræðuhópi ríkisins og SSH eru lögð fram sem trúnaðargögn. Umræða um mörkun framkvæmda/kostnaðarskiptingar verkefna og lagt fram minnisblað því tengt. Framkvæmdastjóri SSH og Birgir Björn Sigurjónsson kynna.

Gestir

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar.

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs.

Niðurstaða:

Umræður

4. Greining á tækifærum til útivistar og leikja við vötn og gönguskíðaiðkun - 2309015

Fyrirliggjandi er bréf borgarstjóra Reykjavíkur dags. 21. september 2023, þar sem gerð er grein fyrir bókun fundar borgarráðs 14. september 2023, um greiningu tækifæra til útivistar og leikja við vötn og aukna möguleika til gönguskíðaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu. Kemur þar fram tillaga um að verkefnið verði unnið sameiginlega fyrir höfuðborgarsvæðið undir forystu svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Framangreindu er vísað til Svæðisskipulagsnefndar sem taki tillöguna til nánari skoðunar, eftir atvikum í samráði við Samstarfsnefnd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

5. Aðalfundur SSH 2023 - 2309011

Í 2. mgr. 4. gr. samþykktar SSH sem samþykktar voru á aðalfundi SSH 2022 segir að stjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem m.a. verði fjallað um boðun og tíðni stjórnarfunda, ályktunarhæfni þeirra og vægi atkvæða við ákvarðanatöku. Til samræmis við það hefur skrifstofa SSH unnið drög að starfsreglum og eru þau lögð fram til kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar en miðað er við að undirritun starfsreglnanna fari fram á næsta reglulega fundi stjórnar.

6. Umsagnir þingmála - 1910005

SSH hafa fengið frumvarp til fjárlaga 2024 til umsagnar en umsagnarfrestur er til og með 6. október nk. Þá hefur frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2024 verið lagt fram og umsagnarfrestur er til 3. október nk., en



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SSH fengu það frumvarp ekki sent sérstaklega til umsagnar. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna drög að umsögn við framangreind frumvörp til samræmis við umræður fundarins.

7. Svæðisbundið samráð í þágu farsældar barna - 2306006

Á 560. fundi stjórnar var tekin til meðferðar beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins dags. 22. júní 2023, um umsagnir landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna (svæðisbundin farsældarráð) en sérstaklega var farið fram á umsögn um mat landshlutasamtaka á því hvernig hægt væri að haga uppbyggingu skólaþjónustusvæða, en þau eru til skoðunar í tengslum við gerð frumvarps til laga um skólaþjónustu sem er í undirbúningi hjá ráðuneytinu.

Erindið var sent Skólamálanefnd SSH, og afrit á Samstarfshóp á sviði velferðarmála, og óskað eftir afstöðu, athugasemdum og efni vegna umsagnar SSH um framangreint.

Var erindið tekið fyrir á sameiginlegum fundi Samstarfshóps á sviði velferðarmála og Skólamálanefndar SSH hinn 9. ágúst sl. og bókað um það í fundargerð.

Á 562. fundi var afgreiðslu málsins frestað og ákveðið að frekari kynning á því skyldi fara fram. Á 563. fundi stjórnar fór frekari kynning fram og eftirfarandi fært til bókar:

Skólamálanefnd, í samráði við Samstarfshóp á sviði velferðarmála, er falið að vinna umsögn til samræmis við framangreinda bókun frá 9. ágúst sl. og umræður fundarins og senda lögfræðingi SSH sem í kjölfarið fullvinnur umsögn í samráði við stjórn. Framlengdur umsagnarfrestur er til loka septembermánaðar.

Drög að umsögn samkvæmt framansögðu voru send stjórn í tölvupósti hinn 26. september sl. og bárust engar athugasemdir. Var umsögn SSH því sen hinn 30. september sl. og liggur hún fyrir til staðfestingar.

Niðurstaða:

Samþykkt

8. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 90. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 4. september 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026